

STF-2016-07 Útivistar- og umhverfisfræðsla

Meginmarkmið verkefnis er að dýpka þekkingu og skilning nemenda á útivist og náttúru Skaftárhrepps í gegnum valáfanga í útivistar og umhverfisfræði. Verður nemendum kynnt náttúra Skaftárhrepps og sjálfbærar nýting hennar með áherslu á útivistarmöguleika. Verkefninu er ætlað að efla vitund og áhuga barna á framtíðaratvinnutækifærum í afþreyingarþjónustu og útivistarmöguleikum í Skaftárhreppi. Jafnframt er verkefninu ætlað að gera nemendum grein fyrir ábyrgð mannsins gagnvart náttúrunni.

Verkefninu var úthlutað kr. 400.000.- árið 2016.